

Reykjavík, 2. október 2015

Niðurstaða athugunar á upplýsingagjöf Tryggja ehf. til viðskiptavina félagsins

Fjármálaeftirlitið sendi váttryggingamiðlurum dreifibréf þann 7. janúar 2015 þar sem óskað var eftir upplýsingum um samstarf váttryggingamiðlara við váttryggingafélög. Í kjölfarið tók Fjármálaeftirlitið upplýsingagjöf Tryggja ehf. til viðskiptavina félagsins til athugunar með það að markmiði að kanna hvort upplýsingagjöfin væri í samræmi við eftirfarandi lagaákvæði. Niðurstöður lágu fyrir í ágúst 2015.

Í 25. gr. laga um miðlun váttrygginga nr. 32/2005 kemur fram að váttryggingamiðlari skuli gera skriflegan samning við viðskiptamenn sína áður en hann tekur til starfa fyrir viðkomandi. Þar skal m.a. koma fram í hverju umboð váttryggingamiðlarans felst, hversu víðtækt það er og til hvaða þátta á starfsviði hans það nær auk þess hvort að honum sé heimilt að taka við fjármunum fyrir hönd viðskiptamanna og um skil á þeim.

Kveðið er á um upplýsingaskyldu váttryggingamiðlara í VI. kafla laga um miðlun váttrygginga en samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 30. gr. sömu laga skal váttryggingamiðlari upplýsa væntanlegan váttryggingataka áður en váttryggingarsamningur er gerður um hvort hann veiti ráðgjöf á grundvelli a- eða b-liðar 1. tölul. 3. gr. laganna. Undir a lið fellur miðlun á váttryggingum á eigin ábyrgð sem byggð er á hlutlausri greiningu váttryggingasamninga sem í boði eru á markaði en undir b lið fellur miðlun á eigin ábyrgð á váttryggingum eins eða fleiri váttryggingafélaga. Þá kemur fram í 1. tölul. 1. mgr. 33. gr. laganna að þessar upplýsingar skuli veita skriflega eða á öðrum varanlegum miðli en heimilt er að veita upplýsingarnar munnlega að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Helstu athugasemdir Fjármálaeftirlitsins voru þessar:

- Gerð var athugasemd við að umboð sem viðskiptavinir félagsins veittu Tryggja ehf. í tengslum við þjónustu félagsins væru ótímasett en það samræmist ekki 25. gr. laga um miðlun váttrygginga.
- Gerð var athugasemd við að ekki kom fram í samningum Tryggja ehf. við viðskiptavini hvort félagið hefði heimild til að taka á móti fjármunum fyrir hönd viðskiptamanna í samningum um þjónustu en það er ekki í samræmi við 25. gr. laga um miðlun váttrygginga.
- Að Tryggja ehf. hafi ekki sinnt upplýsingaskyldu sinni sem skyldi þar sem upplýsingar eru ekki veittar skriflega eins og lögin gera ráð fyrir, sbr. VI. kafli laga um miðlun váttrygginga.

Fjármálaeftirlitið fór fram á að Tryggja ehf. gerði viðeigandi úrbætur vegna athugasemdanna.